

Fimm bestu

Að mati álitsgjafa

Leitað var til fimm álitsgjafa utan blaðs um að velja fimm bestu bækur, kvikmyndir, leiksýningar, myndlistarsýningar og plötur ársins.

Myndlist

Hulda Stefánsdóttir



1 Tilraunamaræðing Hafnarhússins á Listahátíð var skemmtilega kaótísk opnun á núningsfleti lista, vísinda og fræða og hefði sennilega ekki getað verið öðruvísi. Settar voru fram og skýrðar ýmsar tengingar sem legið hafa í loftinu um tíma. Óviss niðurstaða og margslungin nálgun var megináttíð verkefnisins og í henni fólst spennandi uppbrót á sýningarforminu. Það sem virkaði tilgerðarlega var einnig um leið fallega á skjön við stemningu sem að stórum hluta gekk út á afbyggingu og hráleika í framsetningu. Af sýningunni sjálfri eru minnstæð eldri kvikmyndaverk Errós, textaverk Marinu Abramovitch, rústir húsa sem aldrei urðu í verkum Katrínar Sigurðardóttur, stjórnuþoka Ivönu Franke og skjálftavirkni Heklu Daggar Jónsdóttur. Enduruppsett innsetning Carlos Cruz Diez, Litametun í Reykjavík, var mikilvæg tenging samtímahræringa við hugmyndir sem ná a.m.k. hálfra öld aftur í tímann.


2 Á sýningunni **List mót byggingarlist** tókust frábærir listamenn á við freklegan arkitektúr Listasafns Íslands. Í vöndarhúsi Elínar Hansdóttur féll ég endurtekið fyrir blekkingum eigin upplifana og eftir situr sterk reynsla.

3 Og Tjarnarsalur Listasafnsins lá í valnum fyrir magnaðri **videóinnsetningu Steinu Vasulku**. Þetta var ef til vill ár Steinu Vasulku. Sjónþing Gerðubergs í haust staðfesti framsækni hennar og áhrif í íslensku myndlist í dag. Uppsetning Mörthu Schwartz, *Eg hata náttúruna/Aluminati*, á Kjarvalsstöðum var gott verk á réttum tíma. Virkaði ekki síst á sínum síðustu dögum þegar verkið hafði veðrast allnokkuð og álið var farið að láta á sjá.

4 **Einkasýning Sólveigar Aðalsteinsdóttur** í Listasafni ASÍ var vel unnin og eftirminnleg sýning. Ljóðræn heild ljósmynda, teikninga og þrívíðra hluta sem hverfðust um líkamlega nánd hluta sem ýmist eru, hafa verið eða hafa aldrei verið.

5 Yfirborðskennd **Baldurs Geirs Bragasonar** stendur enn yfir í Kling og Bang Gallerí og er áhugaverð opnun á frekari möguleika málverksins og samræður þess við hefðina. Sennilega sú sýning sem kom mér hvað best á óvart á árinu. Við lok árs ríkir alger óvissa á Íslandi og allt virðist opið. Í því hljóta að felast tækifæri.

Höfundur er myndlistarmaður og prófessor við Listaháskóla Íslands.



Leiklist

Stefán Jónsson



Þar sem Ísland verður innan tíðar hluti af Evrópu læt ég fylgja með nokkrar góðar sem ég sá þar 2008. London: *Heimkoman* e. H. Pinter, leikstj. M. Attenborough, *Trójudætur* e. Evrípídes, leikstj. K. Mitchell, *Wiesbaden: The Frankenstein Project*, leikstj. K. Mundruczó, *Berlín: Maeterlink* höf. og leikstj. C. Marthaler, *Augu Maríu Braun*, byggt á Fassbinder, leikstj. T. Ostermeier, *Rottur* e. G. Hauptmann, leikstj. M. Thalheimer, *The Ruby Town Oracle*, höf. og leikstj. S. Sörensen.

Þótt leikhúsið ætti ekkert í dramatískan raunveruleikan, fylgja hér 5 athygliverðar og íslenskar í stafrófsröð:

- 1** **Brák** Nýstárleg söguskoðun, vel leikið og smekklega uppsett. Skallagrímur fær steininn aftur í hausinn.
- 2** **Dauðasyndirnar** Yndisleg sýning, mikilvægt efni í lok góðæris sem fær vængi í oddaflugi Raphaels erkiengils.
- 3** **Sá ljóti** Umbúðalaus og stílhrein heild, fín leikstjórn á áhugaverðu verki um að vera eða ekki vera.
- 4** **Steinar í djúpinu** Tímabær köfun, köflótt en metnaðarfull. Harpa náði Beckett-hæðum.
- 5** **Vestrið eina** Frábær leikaravinna undir styrkri stjórn. Löðrandi írsk saga um fyrirgefningu, holl fyrir þá sem kunna ekki að skammast sín.

P.S. **No Dice** Frumleg og flott sýning Nature Theater of Oklahoma á Lókal, fyrstu alþjóðlegu leiklistarhátíðinni hérlendis.

Höfundur er fagstjóri leikaranáms við Listaháskóla Íslands.